




Einholtsvegur (358-02) í Bláskógabyggð

Drumboddsstaðir – Hrunamannavegur

Svör Vegagerðarinnar við athugasemdum og umsögnum vegna könnunar á
matsskyldu framkvæmdarinnar

Vegagerðin

Júlí 2025

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit..... 2

1 Yfirlit 3

2 Athugasemdir umsagnaraðila og svör framkvæmdaraðila við þeim 4

 2.1 Rarik 4

 2.2 Náttúruverndarstofnun..... 4

Loftmynd á forsiðu frá Loftmyndum ehf.
Yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugað framkvæmdasvæði

1 Yfirlit

Vegagerðinni hafa borist 5 umsagnir vegna könnunar á matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda við Einholtsveg (358-02), milli Drumboddsstaða og Hrunamannavegar.


Þær eru frá:

1. Náttúrufræðistofnun, dagsett 12.06.2025
2. Bláskógabyggð, dagsett 18.06.2025
3. Rarik, dagsett 23.06.2025
4. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dagsett 24.06.2025
5. Náttúruverndarstofnun, dagsett 25.06.2025

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að framkvæmdasvæðið sé innan mikilvægs fuglasvæðis en stofnunin telur fyrirhugaðar framkvæmdir ekki líklegar til að hafa mikil áhrif á fugla utan truflunar á framkvæmdatíma og að ólíklegt sé að rask verði á votlendi utan veghelgunarsvæðis. Umsögnin krefst ekki viðbragða að hálfu framkvæmdaraðila og því er ekki fjallað nánar um hana hér.

Í umsögnum Bláskógabyggðar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er minnt á að viðkomandi aðilar veita leyfi vegna framkvæmdanna en að öðru leyti krefjast umsagnir þeirra ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila. Framkvæmdaaðili mun afla allra nauðsynlegra leyfa áður en framkvæmdir hefjast.

Umsagnir frá Rarik og Náttúruverndarstofnun krefjast viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila og í eftirfarandi umfjöllun, eru þau efnisatriði birt sem þarfnast viðbragða að hálfu framkvæmdaraðila, og svör framkvæmdaraðila við þeim.



↑ Mynd 1

Staðsetning fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis við Einholtsveg í Biskupstungum.

2 Athugasemdir umsagnaraðila og svör framkvæmdaraðila við þeim

2.1 Rarik

Í umsögn Rarik kemur eftirfarandi fram (skáletraður texti):

RARIK hefur mótekið erindi yðar dags 30.05.2025 og hefur farið yfir tillöguna og vill vekja athygli á að strengur okkar liggur meðfram veginum. Komi til þess að strengurinn þurfi að færa óskum við eftir að haft verði samband við okkur.

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðinni er kunnugt um lagnahafa á svæðinu og mun verða í sambandi við þá áður en framkvæmdir hefjast.

2.2 Náttúruverndarstofnun

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi votlendi (skáletraður texti):

Náttúruverndarstofnun telur að það komi ekki nægilega skýrt fram í greinargerð hvaða leiðir verða farnar til að raska ekki votlendi og til hvaða mótvægisáðgerða verður farið í ef til röskunar kemur. Mótvægisáðgerðum í formi endurheimt votlendis ætti að vera lýst ítarlega í vöktunaráætlun framkvæmdar að mati Náttúruverndarstofnunar, þar sem tilgreint er m.a. samráð við sérfræðinga votlendisendurheimtar við ákvörðun á staðsetningu, aðferðum og umfangi þess. Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að útiloka röskun á vistgerðum með hátt verndargildi eða svæðum sem falla undir 61. gr., eru mótvægisáðgerðir og vöktunaráætlun forsenda þess að framkvæmd teljist ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif samkvæmt lögum nr. 111/2021.

Svar Vegagerðarinnar varðandi votlendi:

Vegagerðin áréttar að ekki er um nýja veglínu að ræða heldur endurbyggingu á núverandi vegi. Í kynningarskýrslu kemur fram að framkvæmdasvæðið verður allt innan veghelgunarsvæðis vegarins þar sem þau tvö votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 eru sýnd á kortasjá Náttúrufræðistofnunar. Eins og bent er á í umsögn Náttúruverndarstofnunar miðast kortlagning vistgerða við mælikvarði 1:25.000 og er því ekki mjög nákvæm. Þá kemur einnig fram á kortasjá Náttúrufræðistofnunar að greining landvistgerða hafi reynst erfið og búast megi við villum.

Það virðist vera raunin því bæði svæðin eru þurrlendi a.m.k. í nágrenni vegarins. Á öðru merкта svæðinu hefur nú verið gert tún á þeim hluta svæðis sem er innan veghelgunarsvæðis (mynd 2).



↑ **Mynd 2**

Votlendi sem njóta sérstakrar verndar skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar eru afmörkuð með bláum lit en veghelgunarsvæði við endurbyggðan Einholtsveg með bleikum lit.

Á hinu svæðinu sem nýtur sérstakrar verndar er sá hluti svæðis sem er innan veghelgunarsvæðis þúrlendi sem nú þegar er nokkuð raskað (mynd 3).



↑ **Mynd 3**

Vinstra megin eru votlendi sem njóta sérstakrar verndar skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar afmörkuð með bláum lit en veghelgunarsvæði við endurbyggðan Einholtsveg með bleikum lit. Hægra megin er ljósmynd af ja.is sem sýnir þann hluta svæðisins sem verður innan veghelgunarsvæðis.

Í ljósi ofangreindra upplýsinga og þess að Vegagerðin telur að engum votlendis-svæðum verði raskað við framkvæmdirnar þótti ekki ástæða til að gera sérstaka áætlun fyrir mótvægisáðgerðir.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi áhrif á fuglalíf og vistgerðir (skáletraður texti):

Engin gögn fylgja matskyldufyrirspurninni um fuglatalningar eða kortlagningu hreiðrastæða á áhrifasvæðinu. Einnig vantar upplýsingar um fyrirhugaðar mótvægisaðgerðir til að lágmarka áhrif framkvæmda á varp, s.s. að framkvæmdir verði ekki unnar á viðkvæmustu tímabilum fuglalífs (apríl–júlí).

Svar Vegagerðarinnar varðandi áhrif á fuglalíf og vistgerðir:

Fyrirhuguð framkvæmd fylgir núverandi veglínu að lang mestu leyti og því er ekki gert ráð fyrir að hún hafi mikil áhrif á hreiðurstæði fugla. Þar sem um er að ræða endurbyggingu vegar þar sem nú þegar er talsverð umferð um, er ekki gert ráð fyrir að þessar framkvæmdir hafi mikil áhrif á fuglalíf umfram það sem er í dag en leitast verður við að lágmarka áhrifin eins og kostur er.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi mengun (skáletraður texti):

Að mati Náttúruverndarstofnunar er ástæða til að gera sérstaklega grein fyrir mögulegri örplastmengun og annarri mengun (t.d. slit á bremsuborðum). Rannsóknir sýna að örplast vegna dekkjaslita og bremsubúnaði er meðal stærstu uppsprettna örplasts í umhverfinu.

Einnig þarf að skoða nánar hvort mengunarefni geta borist með yfirborðsrennsli í votlendi eða í gegnum jarðveg í grunnvatn, í vistkerfið og dýralíf.

Svar Vegagerðarinnar varðandi mengun:

Vegagerðin gerir sér grein fyrir að öllum framkvæmdum fylgir einhver mengun m.a. losun örplasts vegna dekkjaslits og slits á bremsuborðum en telur þó mengun vegna umferðar við framkvæmdir verði ekki meiri en af almennri umferð.

Vegagerðin bendir á að skv. skýrslu sem Náttúruverndarstofnun vísar í í umsögn sinni er örplastmengun vegna dekkjaslits og slits á bremsuborðum mest í þéttbýli m.a. vegna þess að þar er mikið um beygjur. Framkvæmdin sem hér um ræðir er í dreifbýli og með bættri veglínu bæði í plani og hæð verður minna um beygjur og endurbyggður vegur býður jafnframt upp á jafnari akstur sem dregur væntanlega úr þörf á að nota bremsur.

Varðandi aðra mengun verður reglubundið eftirlit með áhöldum og vélum til að tryggja að óæskileg mengandi efni berist ekki í læki á svæðinu, eins og fram kemur í kynningarskýrslu.